

Yfirlit af vettvangi Evrópusamstarfs í Brussel

Tilgangur þessa yfirlits er að veita Alþingi upplýsingar um ýmis mál sem eru til umfjöllunar á vettvangi Evrópusamstarfsins í Brussel og varða Ísland með beinum eða óbeinum hætti, hvort sem í gegnum EES-samninginn, Schengen-samstarfið um innanríkis- og dómsmál eða önnur samstarfssvið, s.s. á sviði utanríkismála. Yfirlitið er birt á vefsíðu sendiráðs Íslands í Brussel og er því einnig aðgengilegt hverjum þeim sem áhuga hafa á samskiptum Íslands við ESB. Stiklað er á einstökum málefnum og eftir atvikum fylgja krækjur í nánari umfjöllun erlendra miðla. Hafa ber í huga að yfirlitið er ekki tæmandi um þau málefni sem til umfjöllunar eru á hverjum tíma.

Meginhlutverk sendiráðs Íslands í Brussel er að taka þátt í rekstri EES-samningsins og Schengen af Íslands hálfu. Sendiráðið sinnir hagsmunagæslu gagnvart ESB, auk þess að eiga í margvíslegu samstarfi og samráði við stofnanir sambandsins á ýmsum málefnaviðum, innan sem utan EES-samstarfsins. Sendiráðið fylgist einnig með þróun mála varðandi útgöngu Breta úr ESB (Brexit). Upplýsingar varðandi Brexit berast utanríkismálanefnd Alþingis frá utanríkisráðuneyti. Jafnframt er bent á umfjöllun í erlendum miðlum á vefsíðum sem eru gefnar upp neðst í þessu yfirliti.

Almennar fréttir af EES og öðru Evrópusamstarfi Íslands

Liechtenstein í formennsku fastanefndar EFTA á seinni hluta ársins

Fastanefnd EFTA-ríkjanna skipa sendiherrar EFTA-ríkjanna innan EES, þ.e. Íslands, Liechtensteins og Noregs. Meginhlutverk nefndarinnar er að samræma afstöðu EFTA-ríkjanna innan EES gagnvart ESB. Í júlí tók Liechtenstein við formennsku í nefndinni til lok desembermánaðar 2017. Hefð er fyrir því að formennskuríkið birti yfirlit yfir áhersluatriði á tímabilinu. Um er að ræða þrjú áherslusvið, auk yfirlits yfir helstu málefni sem eru til umfjöllunar í undirnefndum og vinnuhópum sem aðstoða fastanefnd EFTA.

Aðaláherslur Liechtensteins er að draga úr fjölda þeirra gerða sem bíða upptöku í EES-samninginn. Þessar gerðir hafa komið til framkvæmda innan ESB og falla undir gildisvið EES-samningsins. Sérstök áhersla er á fjármálaþjónustu þar sem þær teljast til nær helmings af þessum gerðum. Einsleitni á evrópska efnahagssvæðinu er því ekki tryggt á þessu sviði. Einnig er lögð áhersla á að halda áfram reglulegum Brexit-upplýsingafundum milli framkvæmdastjórnar ESB og EES/EFTA-ríkjanna, sem og að styrkja samhæfingu og upplýsingastreymi innan EFTA og undirbúa laga- og tæknilega vinnu varðandi væntanlega útgöngu Bretlands úr EES-samstarfinu. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að bæta þekkingu á EES-samningnum meðal annars með að skipuleggja málstofur svo eitthvað sé nefnt. [Sjá nánar](#).

Eftirlitsstofnun EFTA birtir mat á frammistöðu EFTA-ríkjanna við innleiðingu EES-gerða

Eftirlitsstofnun EFTA (ESA) birti í september s.k. frammistöðumat þar sem gerð er grein fyrir árangri EES/EFTA-ríkjanna við innleiðingu EES-gerða. Þegar litið er á tilskipanir þá höfðu 18 ekki verið innleiddar að fullu á Íslandi á réttum tíma, sem samsvarar til 2,2%

innleiðingarhalla. Ísland hafði ekki innleitt 70 reglugerðir á réttum tíma eða 2,2%. Á sama tímabili hafði Noregur ekki innleitt 2 tilskipanir og 3 reglugerðir. Liechtenstein hafði ekki innleitt 10 tilskipanir. Að hálfu Íslands er það skýrt markmið að draga úr innleiðingarhalla. Skýrsluna má [nálgast á vef ESA](#).

Stefnuræða forseta framkvæmdastjórnar - EES-mál

Jean-Claude Juncker, forseti framkvæmdastjórnar ESB, flutti árlega stefnuræðu í Evrópuþinginu þann 13. september sl. Hann vék að helstu málum sem til umfjöllunar eru á vettvangi sambandsins og sem framkvæmdastjórnin mun leggja áherslu á næstu misserin, s.s. með tillögum um lagasetningu eða breytingar á löggjöf. Samhliða ræðunni sendi Juncker erindi til forseta ráðs ESB og forseta Evrópuþingsins um væntanlegar tillögur framkvæmdastjórnarinnar.

Margt af því sem Juncker nefndi í ræðu sinni og í bréfinu varðar EES-samninginn. Á sviði félagsmála, til dæmis, mun framkvæmdastjórn ESB leitast við að hrinda í framkvæmd endurskoðun á tilskipun um útsenda starfsmenn. Gert er ráð fyrir að meginreglu um jöfn laun fyrir sömu vinnu verði komið á fót, ásamt því sem reglur um almannatryggingakerfi verða nútímavæddar sem koma til með að tryggja jafnan ávinning fyrir sömu iðgjöld. Samkvæmt núgildandi tilskipun er enginn hámarks eða lágmarks tími á dvöl útsendra starfsmanna. Með tillögum framkvæmdastjórnarinnar, munu allar vinnuréttarreglur í gistiriki gilda um útsenda starfsmenn eftir tiltekinn tíma. Framkvæmdastjórnin mun leggja til stofnun evrópskrar vinnumálastofnunar (European Labour Authority), sem er ætlað að styrkja samvinnu vinnumálastofnana aðildarríkja ESB á öllum stigum. Einnig mun tilskipun ráðsins 91/533/EBE um skyldu vinnuveitanda að skýra launþegum frá samningsskilmálum eða ráðningarfyrirkomulagi (written statement directive) verða endurskoðuð til að bæta gagnsæi og fyrirsjáanleika ráðningarsamninga.

Meðal annarra mála, er heyra undir EES-samninginn, sem nefnd voru í ræðu Junckers eða ofangreindu bréfi eru fyrirhuguð endurskoðun á tilskipun um gæði neysluvatns, tillögur á sviði fjarskipta og fleiri mál er lúta að uppbyggingu stafræns innri markaðar.

[Sjá bréf Junckers til forseta ráðsins og Evrópuþingsins.](#)

Undirbúningur og mótun ESB-gerða

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn um löggjafartillögur varðandi aðgengi fatlaðra að þjónustu og vörum

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu sendu frá sér sameiginlega umsögn til ESB þann 13. júlí varðandi fyrirhugaða gerð ESB um bætt aðgengi fatlaðra að vörum og þjónustu. Gerðinni er ætlað að bæta aðgengi fatlaðra á innri markaðinum með því að fjarlægja hindranir, sem ýmis lög skapa, að vörum, þjónustu og innviðum. EES/EFTA-ríkin styðja umrædda lagasetningu, en leggja áherslu á að halda fjárhagslegri og stjórnsýslulegri byrði í lágmarki í því skyni að varna aukinni byrði á lítil og meðalstór fyrirtæki. [Sjá nánar](#).

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn um evrópskar samstöðusveitir (European Solidary Corps)

Framkvæmdastjórn ESB hefur lagt fram tillögu að stofnun evrópskar samstöðusveitar (European Solidarity Corps) sem er ætlað að veita ungu fólki stuðning til að fara milli landa og vinna að ýmsum samfélagslegum verkefnum, s.s. sjálfböðastarfi. Sprettur tillagan upp úr stefnu ESB um aðgerðir til að sporna við atvinnuleysi ungs fólks í mörgum aðildarríkjum.

Í kjölfar umræðu um málið innan vinnuhóps EFTA um menntun og æskulýðsmál var ákveðið að senda inn sameiginlega umsögn EFTA-ríkjanna í EES um málið. Lögð er áhersla á mikilvægi þess að taka gerðina upp í EES samninginn svo löndin geti tekið þátt frá upphafi og útlistaðar eftirfarandi tvær megin ástæður.

Í tillögu ESB er á fyrstu stigum ekki gert ráð fyrir þátttöku EES/EFTA-ríkjanna, þrátt fyrir að gerðin falli undir bókin 31 um samvinnu á sviðum utan marka fjórfrelsisins og áætlað sé að fjármagn komi úr Erasmus+ áætluninni, sem meðal annars styður við sjálfböðastarf ungs fólks milli landa. EES/EFTA-ríkin taka fullan þátt í Erasmus+ og greiða í áætlunina og lýtur athugasemdin að því að ríkin séu ekki höfð með þótt fjármagnið sé í raun tekið af heildarfjármagni Erasmus+ sem þegar hefur verið samið um.

Nú þegar á sér stað mikið og öflugt samstarf innan æskulýðshluta Erasmus+ sem nefnist European Voluntary Service (EVS) þar sem ungt fólk getur fengið styrk til að stunda sjálfböðastarf og hafa EES/EFTA- ríkin tekið virkan þátt í því sl. 20 ár. Lýst er áhyggjum af því að ný áætlun muni draga úr vægi EVS, bæði ímyndarlega og ekki síður fjárhagslega séð, þar sem fé í sjálfböðastarf muni nú skiptast milli EVS og ESC og erfitt verði fyrir landskrifstofur að kynna EVS í samkeppni við ESC. [Sjá nánar.](#)

EFTA-ríkin í EES-samstarfinu senda skriflega umsögn um tillögur framkvæmdastjórnar ESB um reglugerð varðandi friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga í rafrænum fjarskiptum

EFTA-ríkin þrjú á evrópska efnahagssvæðinu sendu nýverið frá sér sameiginlega umsögn um tillögu framkvæmdastjórnar ESB um reglugerð um friðhelgi einkalífs og vernd persónuupplýsinga í rafrænum fjarskiptum (Regulation concerning the respect for private life and the protection of personal data in electronic communications). Fagna ríkin markmiði framkvæmdastjórnarinnar um góða og skilvirka vernd persónuupplýsinga. Í athugasemd sinni undirstrikuðu ríkin mikilvægi þess að gætt sé jafnvægis milli neytendaverndar og fjarskipta annars vegar og nýsköpunar og þróunar þjónustu hins vegar. Í því samhengi lýstu ríkin yfir áhyggjum sínum vegna nokkurra álitaefna. Til dæmis þegar kemur að skráningum í opinberar símaskrár eru EES EFTA ríkin á þeirri skoðun að ríki eigi að geta valið kerfi sem byggir á valfrjálsri skráningu eða afskráningu símanúmera (e. opt-in or opt-out). Slík kerfi séu í notkun og hafi komið sér vel. [Sjá nánar.](#)

Fréttir af fundum í Brussel

Fjármálaráðherrar EFTA-ríkjanna í EES funda með framkvæmdastjórn ESB í Brussel

Fjármálaráðherrar EFTA-ríkjanna í EES-samstarfinu funduðu þann 21. september sl. með Valdis Dombrovskis, framkvæmdastjóra ESB en hann hefur m.a. yfirumsjón með málefnum er varða fjármálaþjónustu og fjármálamarkaði. Í fjarveru Benedikts Jóhannssonar, fjármálaráðherra Íslands, sótti Bergdís Ellertsdóttir, sendiherra fundinn. Rætt var um framgang innleiðingu EES gerða um eftirlit á fjármálamarkaði en nokkur dráttur hefur orðið á innleiðingu gerða á því sviði. Sammælst var um mikilvægi þessi að hraða upptöku gerðanna.

Dómsmála- og innanríkisráðherrar funda í Brussel

Dómsmála- og innanríkisráðherra ESB funduðu í Brussel 14. september sl. og var ráðherrum aðildarríkja Schengen utan ESB boðið á fundinn, sem sendiherra Íslands í Brussel sat í fjarveru dómsmálaráðherra. Til umræðu var baráttan gegn hryðjuverkum. Áhersla var lögð á bætt upplýsingaskipti milli ríkja, t.d. með samhæfðari upplýsingakerfum, þróun rafræns ferðaeftirlitskerfis (ETIAS), Schengen-upplýsingakerfinu og lögreglusamvinnu milli landa, sem og á forvarnir gegn öfgaöflum og notkunar veraldarvefsins í hryðjuverkastarfsemi eða til að dreifa öfgafullum boðskap. Sendiherra Íslands lagði ma. áherslu á mikilvægi þess að samstarfslönd í Schengen (þ.e. ríkin utan ESB) fengju aðgang að upplýsingakerfi Europol, það varðaði ekki einungis öryggi samstarfslandanna heldur Schengen svæðisins í heild. Viðbrögð við komu flóttafólks til Evrópu voru einnig til umræðu.

Fundur í sameiginlegu EES-nefndinni

Sameiginlega EES-nefndin kom síðast saman þann 22. september sl. Á fundinum var tekin ákvörðun um að fella 90 ESB gerðir inn í EES-samninginn, þeirra á meðal á sviði og höfundaréttar og neytendaverndar. [Sjá nánar á vef EFTA-skrifstofunnar.](#)

EFTA-skrifstofan í Brussel kynnir EES-samninginn

Tvisvar á ári stendur EFTA-skrifstofan í Brussel fyrir kynningu á EES-samningnum. Tilgangurinn er m.a. að fræða nýliða í stjórnsýslu EFTA-ríkjanna í EES, fulltrúa stofnana ESB, aðildarríkjanna og aðra áhugasama um EES-samninginn, tildrög hans og helstu mál sem ofarlega eru á baugi í samvinnu ESB og EFTA-ríkjanna í EES. Nálgast má glærur [fyrirlesara á vef EFTA-skrifstofunnar.](#)

Gagnlegar vefsíður

EFTA-skrifstofan: <http://www.efta.int/>

Eftirlitsstofnun EFTA: <http://www.eftasurv.int/>

Evrópuþingið: <http://www.europarl.europa.eu/portal/en>

Eistland í forsæti ráðs ESB: <https://www.eesistumine.ee/en>

Fréttir frá stofnunum ESB: https://europa.eu/newsroom/home_en

EU Observer: <https://euobserver.com/>

Politico: <http://www.politico.eu/>